

Vesturbyggð  
Aðalstræti 63  
450 Patreksfjörður

Reykjavík 17. maí 2018  
UST201804-062/P.B.S.  
09.07.01

### **Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi - ljósleiðaralögn í Vatnsfirði**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Vesturbyggðar er barst 5. apríl 2018 vegna fyrirhugaðra framkvæmda innan friðlands í Vatnsfirði. Umhverfisstofnun óskaði eftir ferkari gögnum varðandi framkvæmdina 10. apríl og fékk þær upplýsingar sendar 15. maí 2018.

Vatnsfjörður var friðlýstur árið 1975 og er tilgangur friðlýsingar að vernda náttúru landsins á þann hátt að fólki gefist kostur á að njóta hennar. Samkvæmt auglýsingu um friðlandiðs nr. 96/1975 er mannvirkjagerð og jarðrask og hvers konar breytingar á landi háðar leyfi Umhverfisstofnunar.

#### **Lýsing framkvæmdar:**

Fyrirhuguð er framkvæmd við lagningu ljósleiðara frá Þverá að Flókalundi í Vatnsfirði. Farið verður meðfram veginum til þess að valda sem minnstum spjöllum á landinu. Starfsmenn við niðurlagningu ljósleiðarans verða þrír ásamt einum eftirlitsmanni. Tæki sem notuð verða eru jarðýta með plóg, beltavélar ásamt fleyg og þeim búnaði sem til þarf við verkið. Áætlað er að byrja framkvæmdir í júní. Lengd framkvæmdatíma er ekki hægt að áætla nákvæmlega en gert er ráð fyrir að það muni vinnast vel. Lengd lagnar innan friðlandsins er 2,9 km.

Ekki er gert ráð fyrir að framkvæmdin breytist vegna áforma Vegagerðarinnar í Vatnsfirði.

#### **Áhrifamat:**

Fyrirhugað er að leggja ljósleiðarann um land sem þegar er raskað vegna vegagerðar. Umhverfisstofnun telur framkvæmdina sem lýst er hér að ofan ekki líklega til að skerða verndargildi friðlandsins eða valda óafturkræfum breytingum á svæðinu.


Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdunum að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Að öllu raski við framkvæmdirnar verði haldið í algeru lágmarki.
- Að vandað verði til verka við frágang eftir að verki lýkur.
- Tilkynna skal Umhverfisstofnun þegar framkvæmdir hefjast.
- Tilkynna skal Umhverfisstofnun um frávik á ofangreindri verklýsingu.
- Tilkynna skal til Umhverfisstofnun þegar verki er lokið.


### *Eftirlit*

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst



Sigrún Ágústsdóttir  
sviðsstjóri



Edda Kristín Eiríksdóttir  
sérfræðingur